



Fimmti fundur eftirlitsnefndar BMVI – 17. apríl 2026

Fundargerð fimmta fundar eftirlitsnefndar BMVI, haldinn 17. apríl 2026 í Reykjavík. Fundargerðin er birt í samræmi við 38. gr. og 46. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1060 um eftirlitsnefnd, sýnileika og upplýsingagjöf.

Opnun fundar

Fjórir af sjö nefndarmönnum viðstaddir fundinn og þar með löglegur fundur.

Áheyrnarfulltrúar frá Ríkisendurskoðun (e. Audit Authority) & framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Tveir starfsmenn frá framkvæmdavaldi sjóðsins (e. Managing Authority) viðstaddir fundinn.

Kynning á vinnulagi og starfsferlum

Framkvæmdavald sjóðsins kynnti vinnu við eftirfarandi vinnuferli sjóðsins í kjölfar athugasemda framkvæmdastjórnar ESB á eldri sjóði, ISF:

- Stjórnunar- og eftirlitskerfi (e. BMVI Management and Control System)
- Sannprófunarreglur (e. BMVI Verification Procedure)
- Skráningarslóð (e. BMVI Audit Trail Procedure)
- Gagnaskipti og rafræn kerfi (e. Data Structure and Electronic Data Exchange Systems)
- Reglur um opinber innkaup (e. Rules on Public Procurement)

Kynning á BMVI áætlun Íslands

Landsáætlun Íslands 2021 – 2027 hefur verið samþykkt af framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins.

Markmið áætlunarinnar:

- að styðja við samþætta evrópska landamærastjórnun.
- að styðja við sameiginlega vegabréfsáritunarstefnu.

Verkefnisumsóknir

Fjögur verkefni lögð fyrir eftirlitsnefndina:

Verkefnisheiti	Styrkþegi	Mat MA	Niðurstaða atkvæðagreiðslu
Landamærastöð í farþegamiðstöð Faxaflóahafna að Skarfabakka vegna innleiðingar EES	Faxaflóahafnir sf.	86/100	Samþykkt með fjórum atkvæðum
Innleiðing á Entry Exit (EES) sjálfvirknibúnaði á Egilsstaðaflugvelli	Isavia Innanlandsflugvöllir ehf.	85/100	Samþykkt með fjórum atkvæðum
Opnun áritanadeildar í Tokyo	Utanríkisráðuneytið	86/100	Samþykkt með fjórum atkvæðum
Endurnýjun á fingrafaraskanna og myndavél	Lögreglustjórnin á Vestfjörðum	70/100	Samþykkt með fjórum atkvæðum

Auk þess voru teknar fyrir þrjár áður samþykktar umsóknir utanríkisráðuneytisins. Hætt var við eina og tvær uppfærðar (kostnaðaráætlun og mælikvarðar).



Stjórnsýslumál

Farið yfir reglur varðandi upplýsingagjöf af fundum eftirlitsnefndar og sýnileika samfjármögnunar ESB.

Önnur mál

Stefnt á næsta fund á haustmánuðum 2026.